

Ár 2015, mánudaginn 23. febrúar var kveðinn upp dómur af áfrýjunardómstól ÍSí sem skipaður var Jóni Gunnari Zöega, Snorra Olsen og Helga Sigurðssyni.

Niðurstaða dómsins er svohljóðandi:

Í lögum ÍSí sbr. grein 5.5 er félagi sem hefur á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein heimilt að stofna deild um hverja þeirra, sbr. lög viðkomandi félags. Stofnun deilda skal tilkynna til viðkomandi sérsambands. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild. Samkvæmt 7. gr. laga Handknattleiksfélags Kópavogs fer aðalfundur félagsins með æðsta vald í málefnum félagsins. Samkvæmt 9. gr. fer aðalstjórn félagsins með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda og ber samkvæmt 6. gr. m.a. ábyrgð á fjárreiðum deilda og meðferð fjármuna auk eftirlitsvalds. Almennt verður að telja að aðalstjórn hafi töluvert svigrúm til þess að grípa inn í rekstur einstakra deilda við ýmsar aðstæður svo sem þegar meirihluti stjórnarmanna í einstökum deildum hefur látið af störfum. Mat aðalstjórnar er þó ekki ótakmarkað að þessu leyti og kann að afmarkast af lögum félagsins eða samningum sem stjórnin ákveður að gera.

Í málinu liggur fyrir að áfrýjandi gerði sátt við stefnda í þessu máli eftir að dómur dómstóls ÍSí lá fyrir, um að stefndi og aðrir þeir sem skipuðu upphaflega stjórn knattspyrnudeildar vikju úr stjórn félagsins og sitjandi bráðabirgðastjórn knattspyrnudeildar myndi sitja fram að næsta aðalfundi. Þessi samningur er bindandi fyrir áfrýjanda og stefnda í þessu máli. Sú mótbára að stefndi hafi brotið gegn sáttinni með því að birta yfirlýsingu á heimasíðu félagsins er haldlaus, enda er ekkert í efni yfirlýsingarinnar þess eðlis að það varði ógildi sáttarinnar. Þá hafði áfrýjandi hvorki uppi andmæli við efni yfirlýsingarinnar né hlutaðist til um að leiðrétta einstök atriði í henni, eins og honum var í lófa lagið að gera. Í sáttinni er auk þess gert ráð fyrir að yfirlýsing verði birt á heimasíðu félagsins, enda þótt fallast megi á það með áfrýjanda að heppilegra hefði verið að sú yfirlýsing hefði komið fram sameiginlega frá deiluaðilum. Með vísan til þess þykir ekki ástæða til að fallast á kröfu stefnda um málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi að kröfu stefnda. Ekki er fallist á kröfu um málskostnað.

Jón Gunnar Zoega (sign)

Snorri Olsen (sign)

Helgi Sigurðsson (sign)